

Aðalfundur Bergrisans bs haldinn í Vík í Mýrdal 30. október 2015 kl. 13:00

1. Setning

Ásta Stefánsdóttir, formaður tók til máls og setti fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

3. Kosning í kjörbréfanefnd

Lagði fundarstjóri fram svohljóðandi tillögu stjórnar Bergsrisans að kjörbréfa- og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ísólfur Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerði
Rangárþingi eystra
Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

4. Lögmæti fundarins skv. niðurstöðu kjörbréfanefndar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 47. Alls eru 31 aðalfulltrúar mættir en enginn varamaður. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

5. Afgreiðslumál

a) Ársskýrsla

María Kristjánsdóttir, formaður þjónusturáðs tók til máls og fór hún yfir ársskýrslu 2014. Þjónustusáð Suðurlands hélt 9 fundi á tímabilinu. Unnið var að samræmdum verklagsreglum við þjónustu við fatlað fólk. Mikil fræðsla hefur verið fyrir starfsfólk. Samstarf við notendaráð og verklag um aðkomu þess að málum og samstarf við Velferðaráðuneytið vegna vinnu um valdeflingu og notendasamráð. Einnig hafa verið haldnir tveir fundir með fulltrúum Þroskahjálpar á Suðurlandi. Heildarfjöldi þjónustuþega árið 2010 var 253 en 2014 eru þeir 279 það hefur orðið aukning á fullorðnum einstaklingum þ.e. 18 ára og eldri. Farið var yfir fjölda einstaklinga sem farið hafa í SIS mat á árunum 2010-2014. Einnig fór hún yfir hvernig sértæk þjónusta hefur breyst á milli áronna bæði hjá fullorðnum og börnum. Stuðningsfjölskyldum hefur farið fækkandi. Bæði er erfitt að fá fjölskyldur til að sinna þessu og einni hefur fækkað börnum sem þurfa á þessu úrræði að halda. Fór hún yfir sértæk búsetuúrræði og fjölda þeirra og stuðningsþörf. Samkvæmt framkvæmdaáætlun

um málefni fatlaðs fólks er lögð áhersla á að herbergjasambýli verði lögð niður fyrir árið 2016. Að lokum fór hún yfir biðlista eftir sértækri þjónustu í árslok 2014.

Aldís Hafsteinsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir tóku til máls.

b) Fjárhagsuppgjör 2014 (áður kynnt á vörfundum) staða mála í okt. 2015

Ingibjörg Garðarsdóttir tók til máls og fór yfir fjárhagsuppgjör 2014.

Ingibjörg byrjaði á því að fara yfir fjármálin árið 2014 og sagði frá þeim kostnaði sem leggst á sveitarfélögin ásamt framlagi jöfnunarsjóðs. Fór hún yfir fjárþörfina fyrir árið 2014. Einnig fór hún yfir stöðuna í dag miðað við stöðuna 30. september. Á báðum þessum tímabilum vantar gríðarlega fjármuni í málaflokkinn og því þörf á að fá aukið fjármagn.

Að lokum fór hún yfir útkomuspá fyrir árið 2015 fyrir allar þjónustueiningar. Áætlaður kostnaður Bergrisans fyrir árið 2015 er 1.138. millj.kr. Áætlaðar greiðslur frá jöfnunarsjóðunum er 807,6 millj.kr. Viðbótarframlag frá jöfnunarsjóðnum í okt. 2015 er 37,7 millj.kr. Áætlaðar greiðslur til Bergrisans v/útsvars 145,1 millj.kr. Áætluð fjárþörf í málaflokknum er 147,6 millj.kr.

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi ályktun sem samþykkt var samhljóða:

Aðalfundur Bergrisans bs árið 2015 krefst þess að endurskoðun á samningi ríkis og sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks verði hraðað og í þeim tryggt nægjanlegt fjármagn til rekstrar málaflokksins. Jafnframt verði gert ráð fyrir fjármagni til fjölgunar á úrræðum fyrir þjónustunotendur, að öðrum kosti er því miður ekki annað í stöðunni en að ríkið taki á ný við málaflokknum.

Einnig var lögð fram ályktun ársþings SASS, sem er svohljóðandi:

Ársþing SASS haldið í Vík 29. til 30. október 2015 lýsir yfir áhyggjum af fjárskorti í rekstri málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi, en útkomuspá fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að um 150 mkr muni falla á sveitarfélögin á þessu rekstrarári tilviðbótar við 63 mkr árið 2014. Ljóst er að verulega vantar upp á að nægilegt fjármagn hafi fylgt við yfirfærslu málaflokksins. Telur ársþing SASS að ef ekki næst ásættanleg niðurstaða varðandi fjármálahlutann í endurskoðun þeirri sem nú stendur yfir verði sveitarfélögunum nauðugur einn kostur að skila málaflokknum til ríkisins.

Aðalfundur Bergrisans tekur undir ályktun ársþings SASS.

c) Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016

Ingibjörg Garðarsdóttir tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Bæði útkomuspá og áætlun fyrir allar þjónustu einingarnar og sjálfstæðu þjónustuaðilana.

Fundarstjóri gaf orðið laust um áætlanir sem lagðar hafa verið fyrir og málaflokkinn.

Ásta Stefánsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Helgi Kjartansson,

Aldís Hafsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson, María Kristjánsdóttir, og Árni Eiríksson, tóku til máls.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

d) Ráðning löggilts endurskoðanda

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og lagði til að PWC verði endurskoðendur fyrir Bergrisans.

Fundarstjóri lagði til að PWC verði endurskoðendur Bergrisans var tillagan borun undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

6. Ályktun stjórnar Þroskahjálpar um uppbyggingu búsetuúrræða

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og fór yfir ályktun sem samþykkt var á stjórnarfundum Þroskahjálpar á Suðurlandi 28. september sl. þar sem því er beint til sveitarfélaga á starfssvæðinu að hefja þegar uppbyggingu nýrra búsetuúrræða fyrir fatlaða. Þá er í ályktuninni minnt á fyrirliggjandi tillögu Þjónusturáðs um uppbyggingu annarsvegar á Hvolsvelli og hinsvegar á Selfossi sem algert lágmark til að bæta úr brýnni þörf.

7. Tillaga fagteymis um áætlun um búsetuuppbyggingu

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og fór yfir tillögur fagteymis um áætlun um búsetuuppbyggingu. Í hennar máli kom fram að mikil þörf er á úrbótum á þessu sviði, en á sama tíma afar takmarkaðir möguleikar á að auka útgjöld byggðasamlagsins. Sérstaklega var rætt um þörfina á uppbyggingu á Hvolsvelli.

Fundarstjóri gaf orði laust

María Kristjánsdóttir tók til máls og ræddi um búsetuúrræði á Hvolsvelli. Einnig tóku til máls Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásgeir Magnússon,

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og lagði til að fundurinn veiti stjórninni heimild til að vinna að undirbúningi þess að tekið verði í notkun búsetuúrræði á Hvolsvelli sem rúmi tvo einstaklinga, að því gefnu að fjármögnun gangi upp.

Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og sleit fundi kl. 14.